

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga XIII

# Sögur úr Glaumbæ

Sigríður Sigurðardóttir  
2011

## Efnisyfirlit

Formáli .....	1
Vínlandsfarar .....	3
Ókulvísi útlaginn .....	5
Riddarar og hirðstjórar .....	6
Heimborgarar .....	7
Áheit og áhrínisorð .....	9
Annálsritarinn .....	11
Göldrótt göfugmenni.....	12
Langa messan .....	13
Harðindi bíta líka á séra Jón .....	15
Gæðingar við Glaumbæjarstall.....	17
Miklabæjar-Solveig .....	20
Torfið ávaxtar pundin.....	26

## Skammstafanir:

BSk. Byggðasafn Skagfirðinga.

HjH. Hjörtur / Hinir sömu.

HSk. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

JSt. John Steinberg.

SS. Sigríður Sigurðardóttir.

## Formáli

Í smáriti þessu eru nokkrar sögur sem tengjast Glaumbæ eða gerast þar. Margar eru merkilegar og alltaf er gaman að rifja upp góða sögu. Í einu litlu smáriti er samt útilokað að gera þeim öllum skil. Glaumbær hefur verið í byggð frá 10. öld að talið er og margir ábúendurnir hafa verið eftirtektarverðir, svo ekki sé mera sagt og margir atburði hafa gerst sem vert er að skoða.

Sögutúlkun er víða frjálsgleg, enda er hér fremur ætlunin að vekja forvitni heldur en túlka hávísindalegar niðurstöður. Þeim bregður þó einnig fyrir. Ljósmyndir og teikningar eru úr ýmsum áttum og merktar eigendum ef þær eru ekki frá höfundu. Myndir af safngripum tengjast ekki beint sögupersónum eða atburðum en eiga að gefa hugmyndir um hversdagshluti sem íbúar Glaumbæjar gætu hafa notað á þeim tímum sem sögurnar gerðust.

Smárit þetta er þriðji hluti af þremur í þriggja rita samstæðu sem fjallar um Glaumbæ, stað og safn. Hin eru: *Glaumbær. Kirkja og staður*, smárit nr. VIII og *Glaumbær. Sýning og safn*, smárit nr. XI.

## Vínlandsfarar

Fyrsti eigandi Glaumbæjar, sem sögur fara af, var Þorfinnur karlsefni. Grænlandingasaga segir að hann hafi keypt Glaumbæjarlönd í byrjun 11. aldar, eftir að hann kom heim úr Norður-Ameríkuför sinni. Löngum hefur verið deilt um sannleiksgildi Íslendingasagna. Margir telja Eiríkssögu nær sanni en Grænlandingasögu, sem gæti þýtt að hvorki Karlsefni né afkomendur hans, hafi átt nokkur tengsl við sögu Glaumbæjar. Það er önnur saga.



Stytta Ásmundar Sveinssonar, sem hann kallaði *Fyrstu hvítu móðurina í Ameríku* á að tákna Guðríði Þorbjarnardóttur með sveininn Snorra Þorfinnsson. Ljós. HjH. Til hægri er *Karlsefni*, stytta Einars Jónssonar á að tákna Þorfinn karlsefni Þórðarson. Ljós. BSk.



Bæði í sögu Eiríks rauða og Grænlandingasögu er sagt að Þorfinnur hafi hitt konuefni sitt, Guðríði Þorbjarnardóttur, á Grænlandi. Þorfinnur var sonur Þórðar hesthöfða frá Stað í Reyninesi (Reynistað). Hann var ættaður frá Höfða á Höfðaströnd.<sup>1</sup> Móðir hans var Þórunn Þorfinnsdóttir úr Álftafirði vestra. Þorfinnur var farsæll skipstjóri og kaupmaður og sigldi með vörur milli Íslands, Noregs og Grænlands. Um hann eru merkilegar sagnir og má hiklaust telja hann eina helstu sögupersónu Skagfirðinga fyrr á öldum. Guðríður er ekki síður merk persóna í sögu- og bókmenntalegu samhengi. Sagan segir að faðir hennar, hinn írskættaði Þorbjörn Vífilsson sem bjó að Laugarbrekku á Snæfellsnesi, hafi fluttst til Grænlands með fjölskyldu sína á síðasta ártug 10. aldar. Guðríður var ekkja eftir Þorstein Eiríksson frá Brattahlíð þegar þau Þorfinnur hittust og felldu hugi saman. Þau giftust, sigldu til Vínlands og dvöldust þar um tíma, en hurfu þaðan

---

<sup>1</sup> Snorri sonur Þórðar landnámsmanns að Höfða á Höfðaströnd var afi Þorfinns.

vegna árekstra við innfædda. Þau fluttust til Íslands og settust að á föðurarfleifð Þorfinns, Reynistað í Skagafirði. Elsti sonurinn, Snorri Þorfinnsson, var sagt fyrsta barnið af evrópskum ættum sem getið er um að hafi fæðst á meginlandi Norður-Ameríku. Sem fyrr segir ber sögum ekki saman um hvort Þorfinnur og Guðríður hafi búið á Reynistað eða í Glaumbæ, eða á báðum stöðum. Sé hafður fyrirvari á sannleiksgildi Íslendingasagna yfirleitt má segja að hafi þessar persónur einhvern tíma lifað raunverulegu lífi þá gæti Snorri hafa búið í Glaumbæ og reist þar kirkju um 1030.<sup>2</sup>

Guðríður ólst upp í kristnum sið. Foreldrar hennar voru kristnir en flest vinafólk þeirra var heiðið. Guðríður var óvenju víðförl á þess tíma mælikvarða og sigldi nokkrum sinnum yfir Atlantsála á milli Íslands, Grænlands, Vínlands og Noregs og gekk suður alla Evrópu, til Rómar. Hún helgaði Guði síðustu æviárin, eftir að hafa gengið til skrifta og syndaflausnar hjá páfa, og gerst nunna, fyrst skagfirskra kvenna sem sögur fara af<sup>3</sup> og hefur þá sennilega verið einsetukona.

Afkomendur Guðríðar og Þorfinns stóðu föstum fótum meðal valdastétta landsins. Fjórir þeirra urðu biskupar. Nafnkunnir synir þeirra voru Snorri og Þorbjörn. Þórunn (Þor)Bjarnardóttir, var móðir Björns (d. 1162) Gilssonar<sup>4</sup> sem var 3. biskup Hólastiftis. Hallfríður Snorradóttir var móðir Þorláks (d. 1133) Runólfssonar sem var 3. biskup Skálholtsstiftis. Ingveldur Þorgeirsdóttir, Snorrasonar, var móðir Brands (d. 1201) Sæmundssonar sem var 4. biskup Hólastiftis. Annar afkomandi Ingveldar var Halldóra dótturdóttir Brands biskups.<sup>5</sup> Hún var móðir Brands (d. 1264) Jónssonar 8. biskups Hólastiftis. Margir fleiri afkomendur Guðríðar og Þorfinns voru þekktir valdamenn.

---

<sup>2</sup> *Íslendingasögur* II, 1987. Bls. 1109.

<sup>3</sup> Margeir Jónsson, 1941. Bls. 19.

<sup>4</sup> Margeir Jónsson, 1941. Bls. 187, 174.

<sup>5</sup> Halldóra var dóttir Guðrúnar Brandsdóttur og Arnórs Kolbeinssonar Ásbirnings. Maður Halldóru, faðir Brands yngra, var Jón Sigmundsson.

Leikföng voru t.d. úr hornum, beinum, skeljum og steinum. Kjálkar voru kýr, leggjar hross, tábein og kjúkur sauðfé, hundar, hænsn og kettir. Völur gátu verið kindur, hundar eða „spákonur“. Hver hafði sinn hátt á um hlutverkin.



### Ókúlvísi útlaginn

Grettir Ásmundarson kom við í Glaumbæ á leið sinni út í Drangey, sennilega um 1020. Eftir útleigðardóminn fór hann um sveitir ásamt Illuga bróður sínum og hitti frændur sína í Húnaþingi og dvöldust þeir þar fram á vetur. „Þá sneru þeir til Skagafjarðar og fóru norður Vatnsskarð og svo til Reykjaskarðs og svo ofan Sæmundarhlíð og svo á Langholt. Þeir komu til Glaumbæjar að áliðnum degi. Grettir hafði kastað hetti sínum á öxl sér. Svo gekk hann jafnan úti hvort sem var betra eða verra.“<sup>6</sup> Ekki er þess getið hvort þeir þáðu góðgjörðir í Glaumbæ, en þaðan stefndu þeir á Reynistað og gistu þar. Stuttu eftir að þeir bræður fóru frá Glaumbæ: „kom maður til móts við þá, höfuðmikill, hár og mjór og illa klæddur. Hann heilsaði þeim og spurðu hvorir aðra að nafni. Þeir sögðu til sín en hann nefndist Þorbjörn. Hann var einhleypur maður og nennti ekki að vinna og skrumaði mikið og var hent að honum gaman mikið eða dáruskapur af sumum mönnum. Hann gerði sér við þá dælt og sagði mart ofan úr héraði frá byggðarlagsmönnum. Gretti þótti gaman mikið að honum.“<sup>7</sup> Þorbjörn þessi vildi endilega fylgja þeim og létu þeir það eftir honum, en greinilegt var að hann var vanur að fiska fréttir og „með því að þessi maður var umfangsmikill og hinn mesti

<sup>6</sup> *Íslendinga sögur og þættir II, Grettis saga*, 1987. Bls. 1061.

<sup>7</sup> *Íslendinga sögur og þættir II, Grettis saga*, 1987. Bls. 1061-1062.

gárungur átti hann kenningarnafn og var kallaður glaumur“.<sup>8</sup> Við Gretti sagði hann „mikið fannst þeim í Glaumbæ er þú gekkst þar heim hettulaus í því illviðri ... hvort þú mundir því hraustari sem þú varst ókulvísari. En hér voru bóndasynir tveir, afburðarmenn allmiklir, og kvaddi sauðamaður þá til fjár með sér og þóttust [þeir] varla geta klætt sig fyrir kulda“.<sup>9</sup> Sagðist Grettir hafa séð „einn ungan mann inn í dyrum og dró [hann] þar á sig vöttur sína en annar gekk á milli fjóss og haugs“<sup>10</sup> og sagðist hvorugan hræðast. Ekki skal fullyrt hvort Grettir hafi þarna séð þá bræður Snorra og Þorbjörn.

Frá Glaumbæ fóru þeir Grettir og Illugi „ofan til Reyniness og voru þar um nóttina. Þaðan fóru þeir út á ströndina til þess bæjar er að Reykjum hét. Þar bjó sá maður er Þorvaldur hét og var góður bóndi. Bað Grettir hann á sjá og sagði honum fyrirætlan sína að hann vildi komast út í Drangey“.<sup>11</sup>

Þarna liggja Grettissaga og Grænendinga skemmtilega saman hvað sem sannleikann snertir.

## Riddarar og hirðstjórar

Á 13. öld, er Sturlungar brutu niður ríki Ásbirninga í Skagafirði, bjó Hallur Þorsteinsson í Glaumbæ. Hann var Ásbirningur að ætt og sagður afkomandi Vínlandsfaranna. Hafi svo verið hefur sama fjölskyldan haldið Glaumbæ frá 11. til 13. aldar. Þannig hélt það áfram. Staðurinn hélst í sömu fjölskyldum kynslóð eftir kynslóð, þar til að Hrafn Oddsson riddari og síðar hirðstjóri keypti Glaumbæ af Halli 1254.<sup>12</sup> Jón korpur sonur hans er talinn hafa tekið við búinu af honum og Hrafn sonur Jóns af honum. Sá Hrafn var kallaður Glaumbæjar-Hrafn og var sagður mesti höfð-

---

<sup>8</sup> Sama heimild.

<sup>9</sup> *Íslendinga sögur og þættir II, Grettis saga*, 1987. Bls. 1061-1062.

<sup>10</sup> Sama heimild. Bls. 1062.

<sup>11</sup> *Íslendinga sögur og þættir II, Grettis saga*, 1987. Bls. 1062.

<sup>12</sup> Margeir Jónsson, 1941. Bls. 29-41.

ingi í Skagafirði á sinni tíð. Hann var í forsvari fyrir aðra héraðs-höfðingja gegn Auðuni rauða Hólabiskupi sem vildi sjálfur hafa umráðarétt allra kirkjueigna. Glaumbæjar-Hrafn gat samið. Sagt er að hann hafi boðið 360 manns í brúðkaup í Glaumbæ þegar hann gifti Steinunni dóttur sína Bótólfi Andrésyni hirðstjóra árið 1342.<sup>13</sup> Þau tóku svo við búinu af Hrafn. Hirðstjórar voru æðstu embættismenn konungs hérlendis. Aðsetur þeirra í Glaumbæ vísar til mikilvægis staðarins.



Gömul vísa um blöndukönnu:  
Í bæjardyrum blöndukannan mikla  
barmafull er bónda hjá  
bergja henni margir á.

Engu skipti hvort á ferð var höfðingi, kot-bóndi eða vinnuhjú. Allir þáðu drykk sér til hressingar, ef þeim var boðin blanda úr mysu/sýru og vatni. Blöndukanna er girt stafalát, úr tré, með útskornu loki. Kannan á myndinni er frá Merkgarði.

## Heimborgarar

Þorleifur Árnason sýslumaður bjó í Glaumbæ frá 1418 til æviloka 1428. Hann var 5. ættliður frá Hrafn Oddssyni hirðstjóra sem keypti jörðina 1254 og hafði hún verið í eigu afkomenda Hrafns allan tímann. Kona Þorleifs var hin þekkt Vatnsfjarðar-Kristín, dóttir Jórsalafaranna Solveigar Þorsteinsdóttur og Björns Einars-sonar sýslumanns í Vatnsfirði. Þau hjónin voru vídförul. Þau ferðuðust fram og aftur milli Íslands, Grænlands, Noregs, Danmerkur, Þýskalands, Ítalíu, Spánar og Austurlanda nær og mynduðu persónuleg og viðskiptaleg tengsl sem afkomendur þeirra nutu síðar og margfölduðu. Kristín var auðug kona, tengd inn í flestar valdaættir landsins og stóð föstum fótum í evrópskri menningu. Heimsmýnd fjölskyldumeðlima í Glaumbæ var á

---

<sup>13</sup> Sama heimild.

Þessum tíma stærri og víðari en margra Evrópubúa, því þeir kunnu bæði að segja frá Ameríku- og Asíuferðum. Nokkrir í fjölskyldunni höfðu persónulega reynslu af ferðum um þrjár heimsálfur.<sup>14</sup> Ferðalög milli landa voru tíðfarnari á kaþólskum tíma þegar menn urðu að gegna kalli páfa, sem yfirleitt var suður á Ítalíu. Hvorki Skagfirðingar, né aðrir landsmenn, áttu brýn erindi til Rómar eftir að Lúther kvað úr um að menn þyrftu ekki að fara í langt og strangt ferðalag til að endurnýja sál sína. Nokkur dæmi eru um suðurgöngur úr Skagafirði á miðöldum. Auk Guðríðar Þorbjarnardóttur á 11. öld má nefna Jón Ögmundarson biskup á Hólum sem gekk suður á 12. öld og Kolbein Arnórsson bónda á Flugumýri á 13. öld.

Tengdaforeldrar Þorleifs sýslumanns fóru víða um lönd og höfðu gengið á fund páfa. Sjálfur var hann umsvifamikill viðskiptajöfur og oft í millilandaferðum. Í einni slíkri, á leið til Noregs árið 1420, lenti hann í sjóorustu við Engendinga<sup>15</sup> sem vildu ráðskast með sjófarendur um norðurhöf. Þegar Þorleifur lést árið 1428 fluttist Kristín frá Glaumbæ vestur í Vatnsfjörð.

Árni, sonur Þorleifs og Kristínar, tók við búinu þegar hann kvæntist Soffiu<sup>16</sup> dóttur Lofts ríka Guttormssonar á Möðruvöllum árið 1440. Ekki er ólíklegt að tengsl þeirra við valdaættir og viðskiptajöfra landsins og ferðir austur og vestur Atlantsála hafi vakið athygli sæfarenda og landkönnuða, sem leituðu eftir upplýsingum um lönd og siglingar. Í minningabrotum frá Kolumbusi landkönnuði<sup>17</sup>, sem fundur Ameríku er eignaður, segir

---

<sup>14</sup> Á 14. öld átti Glaumbæjarkirkja tvenn glæsileg austurlensk altarlaklæði, sem hugsanlega má rekja til ferða ættfólks á þær slóðir (DI. *Íslenskt fornbréfasafn* III. Bls. 564).

<sup>15</sup> *Öldin fimmtánda*, 2003. Bls. 31.

<sup>16</sup> Soffia var systir Ólafar ríku Loftsdóttur. Þorleifur sonur Ólafar bjó með Ingveldi dóttur Akra-Kristínar. Hún var dóttir Sigríðar Björnsdóttur og Þorsteins Ólafssonar sem giftu sig í Hvalseyjarkirkju á Grænlandi 1408.

<sup>17</sup> Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, 1990. Bls. 202. Líklegt er að Kolumbus hafi komið hingað til lands í apríl 1477 og siglt vestur og norður fyrir land og austur með Norðurlandi. Ómögulegt er að fullyrða hverja hann



hann frá því að hann hafi siglt frá Bristol til Íslands árið 1477. Hafi hann komið til Íslands eru töluverðar líkur á að hann hafi heyrt um löndin í vestri<sup>18</sup> sem gat haft áhrif á heimsmynd hans. Hafi hann siglt vestur fyrir land er líklegt að hann hafi hitt afkomendur og venslafólk Vatnsfjarðarfjölskyldunnar sem gat sagt honum frá ferðum þeirra milli Íslands, Grænlands og Vínlands og gefið góð ráð.



Auðvelt var að fá áhöld og flát úr tré. Þessi grautarausa úr rekaviði er af algengri gerð og með sama sniði og notuð var frá miðöldum til 20. aldar. Ausa eins og þessi tók hálfan pott og var ákjósanleg til að skammta í askana. Þessi er frá Mallandi á Skaga.

## Áheit og áhrínisorð

Þorleifur Árnason yngri, sonur Soffíu Loftsdóttur og Árna Þorleifssonar sýslumanns, tók við Glaumbæ 1464 og bjó þar stórbúi í hálfan fimmta tug ára, eða fram um 1510 þegar Teitur sonur hans tók við.<sup>19</sup> Teitur fékk óhemju auð í arf í jörðum og kvikfé en hann var ekki jafn gætinn í fjármálum og forfeður hans. Hólabiskupum, fyrst hinum norska Gottskálki Nikulássyni<sup>20</sup> og síðan Jóni Arasyni,<sup>21</sup> tókst með vægðarleysi og prettum að ná eignum hans og flæma hann frá Glaumbæ.

---

hitti hérlendis, en meiri en minni líkur eru á að einhver hafi getað sagt honum frá siglingum til Grænlands og Nýfundnalands.

<sup>18</sup> Björn Þorsteinsson og Guðrún Ása Grímsdóttir, 1990. Bls. 205, 206, 208.

<sup>19</sup> Sigurður bróðir Teits fékk annexíuna Víðimýri til búskapar.

<sup>20</sup> Gottskálf Nikulásson var biskup á Hólum 1496-1520. Gottskálf hlaut snemma í embættistíð sinni viðurnefnið grimmi vegna þess hve harður og ásælinn hann var að leggja jarðir undir Hólastól.

<sup>21</sup> Jón biskup á Hólum 1522-1550 var mikill athafna- og fjáraflamaður fyrir sig og stólinn og beitti valdi sínu af mikilli óbilgírni að hætti íslenskra miðaldahöfðingja.

Sagt er að Teitur hafi reynt að verjast Hólabiskupum og heitið stöðugt á Hofstaða-Maríu<sup>22</sup> og að Hofstaðakirkja hafi fengið bestu kú hans ár hvert í 16 ár. Teitur átti 34 jarðir árið 1522 en tapaði þeim öllum á fáum árum. Þegar hann valdalaus og rúinn auði steig á bak hesti sínum á Glaumbæjarhlaði árið 1528 bað hann bölvunar þeim sem tæki við staðnum. Áður hafði Teitur ánafnað (gefið) Guði og Jóhannesi skírara Glaumbæ eftir sinn dag.<sup>23</sup> Hrafn Brandsson, tengdasonur Jóns Arasonar, sem bjó á Hofi á Höfðaströnd og náði lögmannsembættinu af Teiti<sup>24</sup>, nytjaði jörðina. Hrafn bar sig sem riddari og reið um hérað með sveit sveina. Árið seinna sat hann ölteiti í Glaumbæ og drakk stíft. Í hita leiksins manaði hann svein sinn, sem Filippus hét, til skylminga við sig þar á hlaðinu og hlaut sár sem dró hann til dauða. Þótti fólki áhrínisorð Teits fljótverk.<sup>25</sup>

Árið 1540, þremur árum eftir dauða Teits, lét Jón biskup Arason 12 presta dóm staðfesta gjöf hans til Guðs. Þann 5. maí 1550, fáum mánuðum áður en biskup gekk sjálfur fyrir sinn skapadóm, gerði hann Glaumbæ að kirkjuléni og lagði til þess jarðirnar Syðri-Ey og Ytri-Ey á Skagaströnd ásamt Stóra-Vatnsskarði og 20 málnytukúgildi að auki.<sup>26</sup> Glaumbæjarkirkja, sem áður var bændaeign, tilheyrði framvegis jörðum Hólastóls.

Þessi handlaug, höggvin úr steini, gæti einnig verið svokallað vígsluvatnsker eins og haft var fyrir kirkjudyr á kaþólskri tíð, til að fólk gæti signt sig úr vígðu vatni áður en það gekk til kirkju. Kerid er úr steini, jarðfundid á Syðra-Vatni á Efríbyggð og er í sýningu í Glaumbæ.



---

<sup>22</sup> Hofstaða-María var líkneskja af Maríu mey sem Hofstaðakirkja átti og mikill átrúnaður var á. Sjá *Kirkjur Íslands* 6, útg. 2005. Bls. 145 og 149.

<sup>23</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* X. Bls. 571-572.

<sup>24</sup> Margeir Jónsson, 1941. Bls. 79.

<sup>25</sup> Ágúst Sigurðsson, 1979. Bls. 117-130.

<sup>26</sup> DI. *Íslenzket fornbréfasafn* XI. Bls. 775-776.

## Annálaritarinn

Gottskálk Jónsson (1524-1590) er einhver merkasti prestur sem setið hefur í Glaumbæ. Hann var af sömu norsku aðalsætt og Hólabiskuparnir nafnar hans, Nikulásson<sup>27</sup> og Kænikson á Hólum, Ólafur Rögnvaldsson og Jón skalli Eiríksson. Séra Gottskálk sat Glaumbæ frá 1554 til dauðadags. Hann var auðugur maður og átti umtalsverðar jarðeignir og talinn með heldri prestum norðanlands á sinni tíð. Hann var handgenginn Jóni Arasyni fyrir siðbreytinguna, fyrirlíði sendisveitar vestur í Snóksdal árið 1550 á fund Daða Guðmundssonar og reyndi árangurslaust að fá Jón biskup og syni hans leysta úr haldi. Gottskálk var mikils metinn fræðimaður á sinni tíð, ritaði svonefndan Gottskálksannál sem er að nokkru undirstaða að ritum Arngríms Jónssonar lærða og Skarðsárannál Björns Jónssonar. Þekktust er syrpa hans hin mikla, sem er eitt allra merkasta 16. aldar handrit sem til er á íslensku og jafnframt eitt af elstu pappírshandritum okkar. Gottskálk kallaði hana Sópdyngju eða Dægrastytting. Hún er um fjölbreytt að efni. Í henni eru um 160 skjöl svo sem: dómur, máldagar, heitbréf, reikningar, samningar, verðskrár og margt fleira. Skjöl þessi hafa flest verið prentuð í *Íslensku fornbréfasafni*. Í syrpu er einnig fróðleikur frá miðöldum um galdrastafi, rúnir og kreddur, kvæði, vísur, þulur og gátur, flest frá kaþólskum tíma, sem þekktist fæst frá öðrum heimildum.<sup>28</sup> Nefna má hjátrú um tvo illa daga í hverjum mánuði og bölvun sem t.d. fylgdi 9. stund 8. dags jóla, 6. stund á Pálsmessu og 1. stund 1. dags marsmánaðar.<sup>29</sup> Í syrpu eru einnig hagnýtar upplýsingar um gerð og viðhald ýmissa altaris- og kirkjugripa, t.d. er lýsing á því hvernig íkonar voru málaðir og lagðir blaðgulli.

---

<sup>27</sup> Gottskálk biskup Nikulásson var afi hans. Sá hafði viðurnefnið grimmi og var talinn rammgöldróttur. Galdrana skráði hann með gullnu rúnaletri í fræga galdrabók sem kölluð var Rauðskinna og var sögð grafín með honum. Galdra-Loftur reyndi að kveða Gottskálk upp úr gróf sinni um 1720, eins og Þjóðsögur greina.

<sup>28</sup> Sjá umfjöllun Jóns Þorkelssonar um séra Gottskálk Jónsson í Glaumbæ sem kom út árið 1896.

<sup>29</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn*, III, 1896 Bls. 183.

## Göldrótt göfugmenni

Einn var sá prestur sem sögur fóru af strax í lifanda lífi. Það var Grímúlfur Illugason (1696-1784) sem var prestur í Glaumbæ frá 1727 til 1784. Hann þótti „harðgjör, sumir héldu hann margkunnugan“.<sup>30</sup> Hann var um tíma elsti starfandi prestur á Norðurlandi og fékk þá auknefnið gamli. Hann var samtíða Galdra-Lofti í Hólaskóla og sumir sögðu þá jafn göldrótt. Þjóðsögur herma að hann ætti í illdeilum við Þorvarð prest Bárðarson á Kviabekki sem síðar bjó í Felli á Fellsströnd og að þeir dræpu fólk og fénað hvor fyrir öðrum með göldrum. Þar á meðal voru tveir synir séra Grímúlfs sem dóu með einkennilegum hætti, að fólk taldi. Annar þeirra, Gísli, dó úr vösbúð 11 ára. Sagan segir að hann hafi verið sendur í blíðviðri á Þorláksmessu fyrir jól ofan á Eyjar að vitja hrossa. Skall skyndilega á mikil norðanhrið og Gísli villtist. Hann komst þó heim á hlað í Glaumbæ og sást á traðki að hann hafði gengið lengi umhverfis hestastjaka sem þá var þar á hlaðinu. Þar fannst hann dauður morguninn eftir. Önnur sögn segir að hann hafi verið með öðrum og þeir hafi báðir komist heim við illan leik, en Gísli hafi ofkælst og dáið stuttu seinna. Annar sonur séra Grímúlfs var Jón. Hann fór með húskarli fram á Halldórsstaðahaga og kom ekki aftur. Hafði hann gengið „í fen ofan allt að mitti, og sýndist húskarlinum svartur hnoðri velta undan sveinnum, áður hann gekk í fenið; vildi húskarlinn þá draga hann upp, en sveinninn bað hann vægja sér og slíta sig eigi sundur, því svo blýfastur var hann. Við það hljóp húskarlinn heim og sagði til Grímúlfi presti; kom hann skjótt, því ekki var langt að fara, því örskammt er suður á hagann. En er prestur kom til, var sveinninn örendur“.<sup>31</sup> Sá þriðji af fólki Grímúlfs sem misförst var Bjarni fóstursonur hans sem druknaði í Glaumbæjarkvísl á sunnudagskvöldi um hásumar. Ætlaði hann að ríða á vaði austur yfir Kvíslina en sýndist för liggja út í framar vaðsins þar sem var holbakki og reið þar út í, en landtaka þar var ómöguleg. Þar heitir

---

<sup>30</sup> Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1976. Bls. 55.

<sup>31</sup> *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

síðan Bjarn(a)hylur.<sup>32</sup> Slysín á sonum séra Grímúlfs og fóstursyni voru eignuð Þorvarði presti í Felli, sem sagður var jafn göldróttur og Grímúlfur.

Grímúlfur lést í vetrarbyrjun 1784. Séra Sigurður Arnórsson á Mælifelli, d. 1866, eignaðist kistil sem Grímúlfur hafði átt og uppgötvaði hann leynihólf í honum þar sem margt reyndist furðulegt, m.a. klær af fuglum, keldusvín í hveiti og fleira dularfullt. Sigurður brenndi þetta og taldi galdradót Grímúlfs.<sup>33</sup>

Útskornir og málaðir kistlar voru gersemi. Þessi fallegi kistill frá Neðra-Ási í Hjalta-dal er frá 18. öld, skrálestur. Í kistlum voru geymdir munir sem eigandinn einn hafði aðgang að.



### Langa messan

Séra Hannes Jónsson var prestur í Glaumbæ 1850-1873. Áður en hann kom í Glaumbæ hafði hann þjónað Breiðavíkurbíngum og kom þaðan bláfátækur. „Í Glaumbæ græddist séra Hannesi brátt fje. Jörðin er góð, og tekjur brauðsins góðar.“<sup>34</sup> Séra Hannes var „ljúfmenni og beztu maður. Honum þótti gott að fá sjer í staupinu“ sagði Indriði Einarsson um hann, en hann gekk til spurninga hjá séra Hannesi frá 8. ári og þangað til hann var 14 ára, en hann átti heima á Húsabakka þá. Séra Hannes var bókmennta-hneigður maður og var óspar á að uppfræða ung sóknarbörn sín um gildi góðra bóka. Þegar séra Hannes messaði „dró hann tónið á langinn og bar seint fram ræðuna, en hafði góð hljóð.“<sup>35</sup> Samt

<sup>32</sup> HSk. Margeir Jónsson, örnefnaskrá. Bls. 2.

<sup>33</sup> Haft eftir Jóhanni Péturssyni frá Borgargerði 1901. *Íslenskar þjóðsögur II*, 1955. Bls. 201.

<sup>34</sup> Indriði Einarsson, 1936. Bls. 50.

<sup>35</sup> Sama heimild.

voru ræður hans ekki „neitt sjerlega góðar“, sagði Indriði. Mikill kvíði gagnaþók barnssálir þegar kom að fermingu, en séra Hannes létti hræðslunni af með því að segja fermingarbörnum hvernig hann tæki þau upp og hvað þau áttu að kunna og fara með. „Séra Hannes fermdi rækilega“.<sup>36</sup> Börnin voru látin svara fjölda spurninga og lesa upp langa kafla hvert. „Allt var þetta gert til að sýna söfnuðinum kunnáttu barnanna, og hvern andlegan þroska þau hefðu“.<sup>37</sup> Séra Hannes þjónaði einnig Víðimýrarkirkju, eins og flestir aðrir Glaumbæjarklerkar. Þann 1. júní árið 1868 fermdi hann 11 börn þar. Þeirra á meðal var Stefán Guðmundsson (Stephan G. Stephanson skáld), eða Stebbi í Seli eins og hann var kallaður þá. Indriði Einarsson kynntist Stefáni einhvern tíma þegar hann fór að athöfn í Víðimýrarkirkju, en ekki var hann við fermingarmessuna hans. Hún tók nær allan daginn og var lengi á eftir kölluð langa messan. Jón Árnason kirkjubóndi á Víðimýri veitti prestri vín fyrir athöfnina og voru báðir slompaðir þegar þeir gengu til kirkju. Prestur fer svo að ferma:

Ög þegar hann er á góðri leið með að ljúka því, leiðir kirkjubóndinn hann aftur út úr kirkjunni til þarfinda sinna og bætir á hann. Þegar prestur kemur inn í kirkjuna á ný, hefur hann sömu athöfnina, og þannig gekk þetta allan daginn, allt til miðaftans. ... Voru sumir foreldranna orðnir mjög reiðir yfir þessum ósköpum og sumt af börnunum farið að gráta. ... skapmikill maður, var orðinn ákaflega reiður yfir þessari meðferð á dóttur hans. Er sagt að hann hafi farið að heiman með nýja vettlinga um morguninn en verið búinn að snúa þá í sundur áður en messunni lauk ... ætlaði hann hvað eftir annað að taka telpuna burtu, en ... [kona hans] sem var mesta friðsemdarkona sagði alltaf: „Góði minn, þetta er í seinasta skiptið sem hann er að ferma hana núna. Þessu er að verða lokið. Við skulum ekki vera með neitt uppistand. ... Þegar leið á dag-

---

<sup>36</sup> Indriði Einarsson, 1936. Bls. 50.

<sup>37</sup> Indriði Einarsson, 1936. Bls. 51.

inn fór að renna af prestinum og hann gat lokið þessari sögu-  
legu athöfn.<sup>38</sup>

Þetta sama sumar vísiteraði Pétur Pétursson biskup Glaumbæ ásamt séra Jóni Hallssyni þá prófasti á Miklabæ, síðar í Glaumbæ. Þegar biskup hafði lokið embættiserindum og þegið góðgjörðir hjá séra Hannesi stigu þeir biskup og prófastur ásamt fylgdar-  
mönnum á bak hestum sínum og bjuggust til brottfarar. Vildi Hannes óska biskupi fararheilla og mælti hátt og hátíðlega: „Eg óska að drottinn fari burt með yður af þessu heimili“. Varð sum-  
um á að kíma, er á hlýddu, en biskup sneri sér í hnakknum og sagði: „og verði eftir hjá yður líka“.<sup>39</sup>



Hrosshár var spunnið í þráð og fléttað eða brugðið í reipi og ýmis bönd. Unnið var margt annað úr því, s.s. hærupokar og mottur, eins og þessi heklaða gólfmotta með átta bláða rós frá Litlu-Brekku.

### Harðindi bíta líka á séra Jón

Jón Hallsson prófastur bjó stórbúi í Glaumbæ á meðan hann var þar frá 1874 til 1890. Í preststíð sinni gerði hann við mörg bæjar-  
húsin og byggði þrjú upp af grunni, norðurbúrið, íbúðarher-  
bergið Gusu og Sudurstofuna. Yfirleitt gekk allt vel hjá séra Jóni og haft var á orði að á honum sannaðist hið fornkveðna að ekki væri sama hvor ætti í hlut Jón eða séra Jón. Þó varð hann fyrir skakkaföllum. Jónsmessukvöldið þann 24. júní 1874, stuttu eftir að hann tók við Glaumbæ, druknaði Jens Oddsson vinnumaður hans í Glaumbæjarkvísl. Hann hafði ásamt Stefáni syni séra Jóns reynt að komast yfir Kvíslina á lekri byttu sem notuð var sem

---

<sup>38</sup> *Heima er best*, 41. árg (1991). Bls. 210. Úr ævisögubætti Ingibjargar Jóhannsdóttur á Lóngumýri.

<sup>39</sup> Jón Sigurðsson, 1988. Bls. 132.

ferja. Sökk byttan undir þeim félögunum og Jens druknaði en Stefán bjargaði sér á sundi.<sup>40</sup> Á þessum árum gengu harðindi yfir landið. Fólk og búfénaður lentu hvað eftir annað í hremmingum, því óveðrin eirðu engu.

Um sumarmálin 1887 gerði mikinn og strangan norðangarð og rak hafís inn Skagafjörð. Eftir það batnaði tíðin svo bændur sem voru orðnir heyllitlir slepptu geldfénu. Séra Jón slepti öllum sauðum sínum niður á Glaumbæjareyjar eins og vant var, en hafði ærnar heima. Þann 17. maí brast á stórhrið með ógurlegum fannburði og stóð hriðin linnulaust til 20. maí. Skagafjörður fylltist af hafís og sá varla í dökkan díl þegar birti upp. Þegar hriðin brast á brugðu heimamenn í Glaumbæ skjótt við og fóru ofan á Glaumbæjareyjar til að smala heim fénu. Höfðu þeir megnið af sauðunum saman og komu þeim vestur að Glaumbæjarkvísl. Þegar þangað kom hafði fannburðurinn fyllt ána á meðan þeir smöluðu og Kvíslin stóð landafull af krapí og var með öllu ófær yfirferðar. Var féð þá rekið inn í rétt sem stóð á svokölluðum Selrinda. Grind átti að vera í réttarhlíðinu en hún hafði verið borin heim að Glaumbæ haustið áður og ládst að flytja hana til baka og ekkert var til að setja í réttardyrnar. Menn stóðu tímum saman í dyrunum og biðu þess að verðinu slotaði. Um síðir yfirgáfu þeir réttina þegar stöðugt herti veðrið og tvísýnt var orðið um líf þeirra ef þeir næðu ekki bæjum. Fjárbrú var á Kvíslinni hjá Geldingaholti, sem þeir fundu við illan leik og komust þeir heim í Holt um kvöldið og þaðan heim daginn eftir. Þegar birti upp kom í ljós að mestur hluti fjárins hafði yfirgefið réttina og hrakist undan veðrinu í ár og vötn. Þarna tapaði prófastur um 150 sauðum og fleiru geldfé. Víða annars staðar í Skagafirði varð gríðarlegt skepntujón. Í skýrslum sem safnað var um afföll búpenings í héraðinu frá veturnóttum 1886 til fardaga 1887 kom í ljós að skagfirskir bændur höfðu misst mörg hundruð kindur, 79 nautgripi og 204 hrossog langflest í þessu maíáhlaupi.<sup>41</sup>

---

<sup>40</sup> *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

<sup>41</sup> Jón Sigurðsson, 1988. Bls. 145-146 og 148.



## Gæðingar við Glaumbæjarstall

Prestar í Glaumbæ voru oft vel ríðandi og sumir lögðu sig eftir að rækta og temja góðhesta. Séra Eggert Eiríksson sem tók við Glaumbæ 1784 var sagður „ölkær, hagorður, gleði og reiðmaður hinn mesti“, en svakafenginn. „Átti hann jafnan hesta góða og trúa“. <sup>42</sup> Af þeim fara fáar sögur. Öðru máli gegnir um góðhesta séra Jakobs Benediktssonar og séra Hallgríms Thorlaciusar sem sátu í Glaumbæ öld seinna. Séra Jakob var „fjörmaður, kátur og gáfaður í bezta lagi“. <sup>43</sup> Hann var prestur í Glaumbæ 1890-1894. Séra Hallgrímur tók við af honum og hélt staðinn til 1935. Báðir voru þeir annálaðir hestamenn.

Um séra Jakob var sagt að hann væri „mesti reiðmaður á Íslandi á 19. öld“ <sup>44</sup> og örugglega þekktasti hestamaður sem gegnt hefur prestsembætti í Glaumbæ. Séra Jakob tamdi öll sín hross og var snillingur að gera hesta fallega vakra og skeiðfasta, lét þá grípa skeiðið af fullri stökkferð. Hann var „af flestum samtíðarmönnum sínum talinn hafa fyrstur vakið athygli á töltinu, enda kenndi hann það og ræktaði umfram aðra reiðmenn í Skagafirði yfir alllangt tímabil“. <sup>45</sup> Tölt var nefnt ýmsum nöfnum svo sem hlaupangangur, hýruspor, yndisspor eða undirspor. Séra Jakob lagði mikið upp úr því að hafa hesta sína „prúða, setta og fallega í hreyfingum“. <sup>46</sup> Nokkrir hestar séra Jakobs voru nafnkunnir gæðingar, svo sem Hóla-Gráni frá Hólum í Hjaltadal, Kápur frá Miðhúsum í Blönduhlíð, Rauður frá Skarði í Gönguskörðum og Blesi frá Hraunum í Fljótum. Séra Jakob keypti þrjá fola í Álftagerði undan sömu hryssunni jafnóðum og hún kastaði, af því hryssan var afbragðs töltari. Þeir Álftagerðisbræður, eins og hann kallaði þá, voru: Neisti, Hringur og Kinni. Neista, sem var afburða töltari, og Hring tamdi Jakob á meðan hann bjó í Glaum-

---

<sup>42</sup> Gísli Konráðsson, 1928-1931. Bls. 94.

<sup>43</sup> Þórir Bergsson, 1984. Bls. 49.

<sup>44</sup> Benjamín Sigvaldason, 1950. Bls. 276.

<sup>45</sup> Ásgeir Jónsson frá Gottorp, 1946. Bls. 220.

<sup>46</sup> Sama heimild.

bæ, en Kinna eignaðist hann eftir að hann fluttist að Víðimýri. Séra Jakob hafði mikla unun af að temja vænleg hestefni og áhugi hans á efnilegum folum fór ekki fram hjá neinum. Sagan af því hvernig hann eignaðist Káp er dæmi um það. Hann hafði frétt að Vagn bóndi í Miðhúsum ætti fallegan, brúnkápóttan, töltgengan fola á tamningaraldri. Hann skrifaði Vagni og bað hann að lofa sér að sjá folann tiltekinn sunnudag, þegar hann ætlaði að messa á Víðimýri. Þegar guðsþjónustan hófst bólaði ekkert á Vagni né þeim kápótta, en þegar leið á messuna smeygði Vagn sér inn í kirkjuna og settist. Eithvað varð stólræðan endaslepp hjá presti, sem að lokinni messu gaf sér ekki tíma til að fara úr hempunni og snaraðist fram kirkjugólfið „hraðstígur og stuttstígur, eins og hann átti vanda til, þegar hann venju fremur hafði mikinn áhuga fyrir einhverju ... Meðhjálparinn kom í sjónhending á eftir, ef ske kynni, að honum tækist að bjarga hempunni, áður en séra Jakob færi að prófa nýja gæðinginn“.<sup>47</sup> Þarna varð séra Jakob eigandi að Káp sem hann lét aldrei frá sér fara þótt hann ætti stöðugt í hestakaupum og -skiptum.

Séra Jakob var gjörkunnugur á Langholtinu þegar hann kom í Glaumbæ árið 1890 því hann hafði verið vinnumaður þar hjá séra Halldóri Jónssyni frænda sínum á árunum 1841-1846. Hann mun hafa notið meira „frjálsræðis ... en vinnumenn nutu almennt í þá daga. Og þarna hafði hann nóga gæðinga, en þeir voru ætíð hans mesta eftirlæti.“<sup>48</sup> Jakob var að læra „undir skóla“ hjá séra Halldóri, eins og fram kemur í frásögn um það þegar þeir riðu til Víðimýrar og prestur messaði þar einn sunnudag á jólaföstu árið 1844. „Var með honum Jakob Benediktsson kennsluveinn hans. Þeir voru systrasynir“.<sup>49</sup> Á heimleiðinni þegar þeir tóku gæðingana til kostanna á Geldingaholtstjörn brast ísinn undan þeim. Fyrir snarræði séra Halldórs björguðust bæði menn og hestar. Eftir að séra Jakob útskrifaðist 1855 var hann vígður prestur að

---

<sup>47</sup> Ásgeir Jónsson frá Gottorp, 1946. Bls. 258-259.

<sup>48</sup> Benjamín Sigvaldason, 1950. Bls. 274.

<sup>49</sup> Jón Espólin, Einar Bjarnason, 1979. Bls. 55

Eiðum og Hjaltastað. Á námsárunum átti hann umfangsmikil viðskipti með hross sem hann keypti í Skagafirði, tamdi og seldi svo austur og að þannig hefði hann fjármagnað námið. Sagt var að „héraðsbúar hafi orðið sem steini lostnir, er þeir sáu þennan mikla hestamann standa hempu klæddan fyrir altarinu“.<sup>50</sup>



Til vinstri er Halldór sonur séra Jakobs Benediktssonar á Káp. Til hægri er séra Hallgrímur Thorlacius á Blesa sínum. Ljós. HSk.

Þegar séra Hallgrímur fluttist að Glaumbæ 1894 kom hann með tvær hryssur með sér, rauða og gráa. Rauðka og Snerra voru báðar tamdar. „Þær höfðu knappan meðalvöxt, en voru mjög fríðar og spengilegar. Þær voru fjörháar, töltgengar og gammvakrar“.<sup>51</sup> Út af þessum hryssum ræktaði Hallgrímur annálað hestakyn „með fjölhæfan og listrænan gang, en flest fremur smátt vexti. Séra Hallgrímur seldi allmargt góðhesta út um sýsluna og í fjarlæggar sveitir“.<sup>52</sup> Hann átti tvo hesta sem voru aldrei falir. Báðir

<sup>50</sup> Benjamín Sigvaldason, 1950. Bls. 275. Séra Jakob þjónaði á Héraði á tímabilinu 1855-1875. Þá kom hann aftur í Skagafjörð og tók við Miklabæ af séra Jóni Hallssyni og var í Skagafirði til 1895, að hann fluttist aftur austur.

<sup>51</sup> Ásgeir Jónsson frá Gottorp, 1946. Bls. 340.

<sup>52</sup> Sama heimild.

voru þeir rauðir og annar rauðblesóttur. Þetta voru fjörmiklir, alhliða hestar. Blesi var lengi stóðhestur og fékk prestur margt gott undan honum. „Þegar Blesi var folald, bauð Jón Pétursson tvöfalt eða jafnvel þrefalt verð í hann“<sup>53</sup>, en fékk ekki. Hallgrímur tamdi sjálfur flesta hesta sína þar til á efri árum að hann fékk aðstoð við það hjá bræðrunum í Hátúni. Sá blesótti var fyrsti hesturinn sem Dúddi (Sigurjón Jónasson) tamdi fyrir prest og sagði að hann hafi verið afbragðs hestur, svo góður að hann „fékk hann stundum lánaðan á ball og var þá vel ríðandi og óskaplega montinn“<sup>54</sup>. Jónas Kristjánsson læknir á Sauðárkróki eignaðist gráa hryssu undan Snerru séra Hallgríms. Hún var aldrei tamin en undan henni fékk hann tvær gæðingshryssur, gráa og rauðblesótta, sem báðar voru fríðar, fjörugar og góðgengar. Sú blesótta var léttleika reiðhross, grannbyggð með glæsilegan reistan háls. Hún hafði fagurt, ferðmikið tölt og stökk, sem kom sér vel fyrir héraðslækninn þegar hann vitjaði sjúklinga sinna, en hann var með allra bestu hestamönnum í Skagafirði á sinni tíð og jafnan vel ríðandi.

Askar voru notaðir frá miðöldum til 19. aldar.<sup>55</sup> Þeir eru girt stafalát úr tré, með höldu og útskornu loki. Hver maður átti sinn eigin ask og spændi úr honum matinn með hornspæni. Á 18. öld kom þetta afbrigði fram, bumbuaskurinn, eins og á myndinni. Sá er frá Geldingaholti.



### Miklabæjar-Solveig

Það má kalla undarlegt að Miklabæjar-Solveig sé nefnd til leiks í sögu Glaumbæjar. Vegna mikils áhuga almennings á þessari ólánsömu 18. aldar sögupersónu er hér gerð grein fyrir hvernig hún tengist Glaumbæ. Í stuttu máli felst það í því að þann 11. júlí

---

<sup>53</sup> Sama heimild.

<sup>54</sup> *Sítgandi 50 ára*, 1995. Bls. 60.

<sup>55</sup> Hallgerður Gísladóttir, 2007. Bls. 27.

árið 1937 voru bein Solveigar grafin í kirkjugarðinum í Glaumbæ. En hvers vegna?

Áður en það verður útskýrt skal fyrst vikið að atburðum sögunnar sem rekja sig með þessum hætti:

1768 tók séra Oddur Gíslason við Miklabæ í Blönduhlíð. Solveig var ráðskona hans.

1777 kvæntist séra Oddur Guðrínu Jónsdóttur í Goddölum.

1778 þann 11. apríl framdi Solveig sjálfsmorð.

1786 sunnudaginn 2. október, hvarf séra Oddur með óskiljanlegum hætti.

1937 þann 11. júní, hringdi Pétur Zóphaníasson í séra Lárus Arnórsson á Miklabæ og bað hann um að veita aðstoð við að grafa upp bein Solveigar og koma þeim fyrir í kirkjugarðinum í Glaumbæ. Beiðni þess efnis hafði komið fram á miðilsfundum. Séra Lárus afsagði afskipti af málinu.

Aðfaranótt 13. júní vitjaði séra Oddur Þorsteins Björnssonar á Hrólfsstöðum í draumi og bað hann um hjálp við endurgreftrunina.

Þann 11. júlí voru meint bein Solveigar flutt frá Miklabæ til greftrunar í Glaumbæ.

Um hvarf séra Odds á Miklabæ hafa spunnist margar sögur og þeirra kunnast er þjóðsagan af Miklabæjar-Solveigu eins og hún var skráð af Jóni Arnasyni. Sagan er þannig að stúlka ein sem Solveig hét varð ráðskona hjá séra Oddi Gíslasyni á Miklabæ árið 1768. Hún varð ástfangin af presti og vildi umfram allt að hann ætti sig, en prestur giftist annarri 1777. Solveig varð sinnisveik og sat um að sálga sér. Guðlaug Björnsdóttir, systir séra Snorra á Húsafelli, var til heimilis á Miklabæ þegar þetta var og svaf hún framan við Solku til að verja henni að fara ofan á nóttunni. Á daginn höfðu allir heimamenn gát á henni. Eitt kvöld í ljósaskiptunum slapp Solveig og stökk út í tóftarbrot þar á túninu. Þorsteinn vinnumaður sá Solveigu er hún hljóp úr bænum og veitti henni eftirför, en hún var búin að skera sig á háls í tóftinni þegar hann kom að. Þegar Þorsteinn sá blóðið fossa óstöðvandi úr

hálsinum á henni er sagt að hann hafi sagt: „Þar tók andskotinn við henni.“ Solveig svaraði því ekki, en áður en hún skildi við bað hún hann að skila til séra Odds að grafa sig í kirkjugarði. Þorsteinn sagði tíðindin heim og bar presti kveðju hennar og bæn um legstað í kirkjugarði, en þeir sem frömdu sjálfsmorð var bannað leg í vígðri mold. Prestur leitaði leyfis, en fékk afsvar.

Nóttina eftir að prestur hafði fengið afsvarið dreymdi hann að Solveig kæmi til sín og segði honum að fyrst hann ynni sér ekki legs í vígðri mold skyldi hann sjálfur ekki njóta þess heldur. Lík Solveigar var dysjað utan kirkjugarðs, sumir segja til hálfv undir kirkjugarðinn utanfrá og án yfirsöngs.



Fljótlega bar á því að Solveig ásótti séra Odd þegar hann var einn á ferð. Gerði hver maður sér að skyldu að fylgja honum milli bæja, einkum ef hann var seint á ferð eða einn.

Gröf Solveigar er austur af kirkjunni í Glaumbæ. Þar er þessi járnkross með svörtu skilti sem á stendur: *Hér hvílir Solveig frá Miklabæ*. Sigurjón Jónasson (Dúddi) á Syðra-Skörðugili stóð fyrir því að gröf Solveigar var merkt 1984.

Það var sunnudaginn 1. október 1786 að séra Oddur reið heim frá messugjörð á Silfrastöðum.<sup>56</sup> Heimildir herma að hann hafi komið við á Víðivöllum og þegið þar kaffi áður en hann hélt heimleiðis. Milli Víðivalla og Miklabæjar eru tæpir tveir km. en séra Oddur skilaði sér aldrei heim. Hann hvarf sporlaust þetta kvöld. Heimamenn voru óhræddir um hann af því þeir vissu að prestur var ávallt fylgt ef hann var seint á ferð. Presti hafði verið fylgt heim að túninu á Miklabæ, en venja var að skilja ekki við hann fyrr en hann var kominn á fund heimamanna. Við tungarð-

---

<sup>56</sup> Á Silfrastöðum er útkirkja (annexía) frá Miklabæ.

inn sagði hann fylgdarmanninum að hann kæmist klakklaust heim túnið, og skildi hann þar við prest, eftir því sem hann sagði sjálfur frá. Á vökunni um kvöldið heyrðu heimamenn á Miklabæ að komið var við bæjarhurðina, en af því þeim þótti undarlega barið fóru þeir ekki til dyra. Síðan heyrðu þeir að komið var upp á baðstofuna, en áður en sá sem upp kom fékk ráðrúm til að guða á gluggann virtist hann dreginn ofan aftur. Eins og tekið hefði verið aftan í hann. Jafnframt þóttust menn heyra óhljóð. Enginn inni þorði að hreyfa sig.<sup>57</sup> Morguninn eftir sáu menn að hestur prests stóð á hlaðinu og var keyrið hans og vettlingarnir undir sessunni í hnakknum. Varð fólki mjög brugðið því allir sáu að prestur hafði komið heim, en var gersamlega horfinn. Var farið að leita að honum á öllum bæjum sem líkindi þóttu að hann hefði að komið og fékkst þá sú fregn að honum hefði verið fylgt heim að túngarðinum um kvöldið, en hann ekki viljað fylgdina lengur. Hans var leitað í marga daga samfleytt en allt kom fyrir ekki. Töldu flestir víst að Solveig hefði efnt orð sín og séð svo til að hann fengi ekki leg í kirkjugarði og hefði dregið hann með sér í dys sína. Þar var aldrei leitað.

Þorsteinn vinnumaður prests einsetti sér að hætta ekki að leita fyrr en hann yrði þess vísari hvað orðið hefði um húsbóndann. Þorsteinn svaf í rúmi á móti Guðlaugu og var hún bæði skýr og skyggn. Þorsteinn tók sig til eitt kvöldið, safnaði saman fötum og ýmsu sem tilheyrðu Oddi og lagði það undir koddann til að vita hvort sig dreymi hann ekki. Jafnframt bað hann Guðlaugu að liggja vakandi um nóttina og taka eftir því sem fyrir hana bæri en verja sig ekki þótt hann léti illa í svefni. Leggjast þau svo bæði fyrir og lét hann loga ljós hjá sér. Guðlaug varð þess vör að Þorsteinn gat ekki sofnað framan af nóttu, en svo fór um síðir að svefninn sigraði hann. Þá sá hún hvar Solveig kom og hélt á ein-

---

<sup>57</sup> Af þessum atburði eru fleiri sagnir. Sumir segja að Gísli sonur prests hafi verið sendur fram til að opna, en hann hafi ekki þorað alla leið fyrir myrkfælni og farið til móður sinnar sem var í búi að skammta og ekki látið vita af erindum sínum. Hafi fólk þá hætt að hugsa um þetta þar til daginn eftir (sjá Sagnir um hvarf séra Odds á Miklabæ í *Blöndu* IV, bls. 64-72).

hverju í hendinni en sá ekki glögg hvað það var. Gengur Solveig að skörinni framan við rúm Þorsteins, því götupallur var í baðstofunni, og grúfði yfir hann og miðaði á háls Þorsteins eins og hún vildi bregða á barkann á honum. Í því fór Þorsteinn að láta illa í svefninum og braust um á hæl og hnakka í rúminu. Þótti Guðlaugu að við svo búið mætti ekki lengur, fór því ofan og vakti Þorstein, en vofa Solveigar hopaði og fékk ekki staðist augnarád Guðlaugar. Rauð rák var á hálsi Þorsteins þar sem Solveig hafði myndað til skurðarins. Þorsteinn kvaðst hafa dreymt að Solveig kæmi til sín og segði að aldrei skyldi hann verða þess vísari hvað hefði orðið um séra Odd, þar með hefði hún lagt á hann hendur og ætlað að skera sig á háls með stórrí sveðju og fann hann enn til sársauka þegar hann vaknaði. Eftir þetta hætti Þorsteinn ásetningi sínum að grafast eftir hvar prestur væri niður kominn.

Lítið hefur borið á Solveigu síðan þetta gekk á. Þó hafði séra Gísli, sem síðast var prestur að Reynistað (1829-1852), sonur séra Odds, sagt frá því að fyrstu nóttina sem hann svaf hjá konu sinni hefði Solveig ásótt sig svo ákaflega að hann hefði þurft að hafa sig allan við að verjast henni, en hann var heljarmenni að burðum sem faðir hans. Aðrar sögur hafa ekki farið af Solveigu.<sup>58</sup> Miklabæjar-Solveig og séra Gísli hvíla nú bæði í Glaumbæjarkirkjugarði. Það þykir mörgum merkilegt. Eins og í öllum sögum hafa staðreyndir málsins tilhneingingu til að litast af frásagnarlistinni og þeim lögmálum sem áhrifamikil stílbrögð fela í sér. Þess vegna er lítið hægt að fullyrða um hvað er uppspuni og hvað er satt, en hvarf sr. Odds var og er alveg sérlega góður efni-  
viður fyrir skáld og sögumenn.

Saga Solveigar er mögnuð, hvort sem horft er á hana sem þjóðsögu eða heimild um viðhorf fólks á 18. og 19. öld. Hún varpar líka ljósi á breytt viðhorf til drauga á 20. öld. Nær hundrað og

---

<sup>58</sup> *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, I (Reykjavík 1980). Bls. 284-286. Sjá einnig ítarlega grein Sölva Sveinssonar í *Skagfirðingabók* 15, 1968. Bls. 101-104.



sex tíu árum eftir að hún fyrirfór sér, árið 1937, og tíu árum áður en síðasti íbúinn flutti úr gamla bænum í Glaumbæ, voru bein hennar grafin þar. Óttinn við drauginn og forynjuna hafði vikið fyrir meðaumkvun með ólánsamri stúlku og umhyggju fyrir afdrifum hennar eftir dauðann. Spíritismi einkenndi viðhorf þeirra sem stóðu að uppgreftri beina Solveigar, trúin á drauga var enn til staðar, en í breyttri mynd.



Kista Solveigar borin úr Miklabæjarkirkju 1937. Fremstur til vinstri er Þorsteinn Björnsson á Hrólfsstöðum. Jóhann Lúdvíksson á Kúskerpi er annar frá vinstri. Fremstur til hægri er Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum og næst honum er Margrét Rögnvaldsdóttir kona Þorsteins. Aftan við hana er sennilega Sigurður Einarsson í Stokkhólma. Maðurinn við enda kistunnar er Helgi Valdimarsson í Víkurkoti. Kirkjan á myndinni brann til kaldra kola árið 1973. Ljós. HSK.

Ástæða þess að Solveig var grafin upp var að hún hafði á miðilsfundi ítrekað ósk sína um að verða jarðsungen í kirkjugarði. Hún lét ekki þar við sitja heldur hvatti hún ákveðna menn til verksins og var búin að ná sér í liðsmann því séra Oddur vitjaði Þorsteins Björnssonar á Hrólfsstöðum í draumi og beiddist aðstoðar

hans.<sup>59</sup> Menntu vissu ekki fyrir víst hvar Solveig var grafin og búið var að breyta kirkjugarðinum töluvert frá því hún var lögð þar, en upp voru tekin bein sem voru hálf innundir gamla kirkjugarðsveggnum. Hugmyndin var að jarðsyngja hana á Miklabæ en sóknarprestur þar tók það ekki í mál. Leyfði hins vegar látlausu athöfn sem fór fram sunnudaginn 11. júlí 1937 í Miklabæjar-kirkju. Að loknum yfirsöng var kistan borin úr kirkju og flutt á bíl að Glaumbæ, þar sem margt fólk var saman komið og fylgdi Solveigu til grafar.

Um afdrif séra Odds hefur margt verið skrafað en í bréfi, sem Ragnheiður Þórarinsdóttir sendi Sveini Pálssyni þann 6. ágúst 1789 skrifar hún: „og sr. Oddur Gíslason er í vor fundinn niðri læk þeim, er Gegnir heitir”.<sup>60</sup> Hvers vegna það kemur ekki fram í þjóðsögunni er jafn merkilegt og sagan öll.

## Torfið ávaxtar pundin

Mark Watson (1906-1979) var af breskum aðalsættum. Hann var mikil Íslandsvinur og ferðaðist víða um landið og sá með augum gestsins ýmsa möguleika sem heimamönnum voru ekki alltaf augljósir. Hann kom oft í Skagafjörð og hafði sannarlega áhrif á framvindu byggðasafnsmála á þeim tíma. Árið 1938 gaf hann peninga til að hægt væri að hefja viðgerð á gamla bænum í Glaumbæ og bjarga honum. Framlag hans markaði upphaf að varðveislu bæjarins. Í smáriti sem gefið var út árið 1989 og aftur 2006, og ber heitið *Mark Watson og Glaumbær*, lýsir Anna S. Snorradóttir á skemmtilegan hátt örlagaríkrri heimsókn Marks Watsons í Glaumbæ árið 1938. Hún segir:

Við sátum hljóð fáeinar mínútur, en svo var ekið í hlað á Glaumbæ. Þarna stóð þessi merki burstabær, fallegur í sumarsólinni og virðulegur, þrátt fyrir fátæklegt útlit og töluverða hrörnun. En grasið á þökunum var grænt og samhliða stafnar blöstu við augum. Er skemmst frá að segja að þarna urðu kærleikar við fyrstu sýn. Mark

---

<sup>59</sup> Sölvi Sveinsson, 1968. Bls. 119.

<sup>60</sup> *Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*, 1952. Bls. 12.

Watson hvarf inn í bæinn, kom að vörmu spori aftur út til okkar og sagði ódamála, að við skyldum halda ferðinni áfram til Akureyrar, því að hann ætlaði að dvelja hér það sem eftir væri dags og reyna að fá gistingu næstu nótt. Að svo mæltu hvarf hann aftur inn í bæinn. Þó Nisbeth sem þekkti hann betur en ég tók mig afsíðis og sagði að við skyldum fara í gönguferð, hann myndi jafna sig. Og það gekk eftir. Þegar við komum aftur úr langri göngu, stóð vinur okkar á hlaðinu, fáorður en tilbúinn til að halda förinni áfram.<sup>61</sup>

Mark Watson vildi kaupa Glaumbæ og endurreisa hann í upprunalegri mynd. Bærinn var ekki falur. Viðbrögð þessa ágæta velgjörðarmanns Skagfirðinga voru þá þau að senda 200 sterlingspund til Íslands til að hefja mætti viðgerðir. Sú gjöf skipti sköpum um framtíð og varðveislu bæjarins. Watsons hafði áhuga á öllu sem íslenskt var. Hann gaf Þjóðminjasafni Íslands margar stórgjafir og arfleiddi Landsbókasafn Íslands að dýrmætu bókasafni sínu.

Hann hreifst mjög af íslenska hestinum og hundinum, og var sá sem fyrstur vakti athygli á hann væri einstakt kyn. Watson átti búgarð í Kaliforníu þar sem hann hélt bæði íslenska hunda og hesta fyrir 1950.

Watson gaf Íslendingum fyrsta dýraspítalann sem reistur var á landinu, í Víðidal í Reykjavík. Hér er hann á ferð um Ísland um miðja 20. öld. Ljós. HSK.



---

<sup>61</sup> Anna S. Snorradóttir, 2006. Bls. 13-14.

## Örnefni í landi Glaumbæjar

Víða í landi Glaumbæjar eru forvitnileg örnefni sem vísa til at-hafna genginna kynslóða og varpa ljósi á mannlíf fyrir á tímum. Sum vísa til fornra býla og búskapar um aldir.

Áin sem rennur um Glaumbæjarland er kölluð ýmsum nöfnum. Oftast er talað um **Glaumbæjarkvísl** en almennt tala menn ein-ungis um *Kvíslina*. Í gamla daga var hún kölluð *Djúpakvísl* frá Af-fallanum út í Litlu-Grafarland þar sem hún heitir *Dæld* síðasta spölinn til Vatna. Hún heitir Húseyjarkvísl þar sem hún rennur fyrir neðan Varmahlíð, frá Borgará að Affallanum út og niður frá Geldingaholti, þar sem hún er oftast kölluð Holtskvísl. Framan við Reykjafoss heitir hún Svartá. Kvíslin er töluvert vatnsfall og gat oft orðið farartálmi þótt straumlítill væri. *Djúpavað* var yfir hana fyrir neðan Glaumbæ, nokkurn spöl sunnan við brúna sem nú er. Stutt fyrir framan (sunnan) Djúpavað, þar sem fyrir daga bílanna var alfaravegur Blöndhlíðinga og Hólmabúa, er *Bjarn(a)-hylur*. Þar drukknaði Bjarni fóstursonur Grímúlfs prests á 18. öld, á sunnudagskvöldi um hásumar. Ferja var stundum á Kvíslinni. Glaumbæjarprestur var ábyrgur fyrir henni en yfirleitt gegndi ábúandi á Jaðri ferjuskyldunni. Ferjustaðurinn var þá þar sem nú er brú yfir kvíslina. Ferjan var fyrst og fremst fyrir Húsabakka-bæina.

**Glaumbæjareyjar** eru víðáttumikið flatlendi milli Kvíslarinnar og Héraðsvatna. Mörkin að sunnan milli Glaumbæjareyja og Holtseyja eru við Geldingaholtsland. Þar er gamall árfarvegur sem hlykkjast frá suðaustri til norðvesturs austan frá *Söndum*, þar sem ein kvísl Héraðsvatna fellur vestan við Borgareyjuna, vestur að Djúpukvísl á móts við *Langatanga* og er kallaður *Krókar*. *Húsabakkavegur* liggur að hluta eftir ytri bakka þessa farvegjar, sem stendur ögn hærra og er þurrari en umhverfið. Landfræðilega má segja að Glaumbæjareyjar nái norður í *Tá* þar sem koma saman Kvíslin og Héraðsvötnin, en yfirleitt er ekki talið svo heldur álíta

flestir mörkin vera við *Kúbólma* sem er syðsti hluti Húsabakkaflóa. *Hólmar* í Söndunum tilheyrðu einnig Glaumbæjarlandi.<sup>62</sup>

**Selrindi** heitir á Glaumbæjareyjum austan við Kvíslina. Rindinn virðist forn árbakki, eins og *Krókarnir*, litlu hærri en landið umhverfis og hlykkjast norður eftir Glaumbæjareyju frá suðvestri til norðausturs. Sunnarlega á rindanum, rétt utan Húsabakkaveggar, eru leifar af stórrí rétt, *Glaumbæjarrétt* svokallaðri. Það er réttin sem sauðir séra Jóns Hallssonar voru reknir inn í þegar stórhriðin skall á þann 17. maí 1887. Heimildir eru um að til forna hafi verið búð á Selrinda, en aðrar mannvirkjaleifar, sem má finna á nokkrum stöðum á Selrinda og eru yfirleitt óskýrar, munu flestar vera eftir heystæði. Í bréfi séra Eggerts Eiríkssonar í Glaumbæ árið 1803 getur hann þess að tveimur öldum áður hafi verið sel eða jafnvel byggt kot á Selrinda fyrir austan *Blákúl*. Séra Eiríkur, sem lengi var kapellán hjá séra Grímúlfi Illugasyni áður en hann tók við staðnum sjálfur, sagði að Selrindi hefði verið hjáleiga frá Glaumbæ og að í máli elstu manna á dögum séra Grímúlfs hafi þeir talið jarðargildið 10 eða 20 hundruð, en um 1800 væri „grundvallarstaður kotsins ... nær sokkinn í flóann“<sup>63</sup> vegna ágangs Héraðsvatna að austan og Kvíslarinnar að vestan. Í jarðabók frá 1760 er talað um kirkjujörðina Skóga, sem var 20 hundruð að dýrleika og sagt í *Sóknalýsingum* frá 1842 að heiti öðru nafni Selrindi.<sup>64</sup>

Í góðæri skömmu fyrir 1858 var byggt upp **húsmannsbýli** eða þurrabúð í landi Glaumbæjar og kölluð *Bjarnabúð*. Þegar Finnur Finnsson og Sigurrós Vigfúsdóttir, sem komu frá Laugarbrekku hjá Reykjarhóli (Varmahlíð), settust þar að árið 1858 breytti búðin um nafn. Eftir það var hún alltaf nefnd *Finnsbúð*. Síðasta búskaparár þeirra, 1864-1865, voru hjá þeim hjónin Eyjólfur Ólafsson og Sigurbjörg Kristjánsdóttir. Þau komu frá Borgarseli

---

<sup>62</sup> Séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ.

<sup>63</sup> Hannes Pétursson, 1982. Bls. 30-31.

<sup>64</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 1954. Bls. 65; HSk. Extrakt af Jordebogen 1760, óskráð.

en höfðu áður einnig búið í Laugarbrekku. Árið 1894 var talað um *Gunnukofa* í Glaumbæ og fjórum árum seinna um húsmannsbýlið *Nýbær*. Álitid er að hann hafi verið byggður upp þar sem Finnsbúð var áður. Nýbær stóð þar sem eldra prestshúsið frá 1944 stendur. Nýbær var í ábúð 1898-1904. Á sama stað var lítið kot á 3. áratug 20. aldar. Þar bjó húskona sem Rósa hét og var kofinn þá kallaður *Rósukofi*. Gunnlaugur Jónasson sem ólst upp í Hátúni mundi vel eftir Rósu sem var gestrisin og góð manneskja. Hún „betrekti“ kytruna sína með dagblöðum til einangrunar og gaf músunum sem vildu búa hjá henni á lítinn disk við kamínuna.<sup>65</sup> Kofinn stóð fram um miðja 20. öld og var síðast notaður sem hrútakofi.



Gunnlaugur Jónasson (Gulli í Hátúni) slær baðstofuna. Hann lét sér afar annat um bæinn og annaðist umhirðu á bænum um árabil, alltaf boðinn og búinn. Handtökin hans voru mikilvæg og ótalin og sjaldan gjaldfærð.

Norðan við bæinn í Glaumbæ voru túnblettir sem báru sérkennileg nöfn. Þeir voru hvor sínum megin við tröðina<sup>66</sup> sem lá norður frá bænum og kirkjunni. Vestan við tröðina, þar sem nú er kirkjugarður og prestsbústaður, var **Órækja**, mýrlent og heldur vont tún. Á móti, í hallanum neðan við tröðina og niður að götu

<sup>65</sup> Gunnlaugur Jónasson (f. 1917), Hátúni.

<sup>66</sup> Sjá gamalt túnakort á bls. 79.

þeirri sem lá niður að Jaðri, var **Skarðavöllur**, afar stórbýfður. Tvær tilgátur eru um þessa einkennilegu nafngift. Önnur er sú að Völlurinn muni hafa dregið nafn sitt af þeirri kvöð sem hvíldi á bændum kirkjujarðanna í Skörðum, Vatnsskarðs og Vatnshlíðar, að slá þetta tún. Hin skýringin er að Jón skarði, sem kallaður var, á Skörðugili hafi slegið Skarðavöll, en sú fyrri þykir trúlegri.<sup>67</sup>

Vatnsból Glaumbæjar var í **Gvendarbrunni** undir brekkunni, út og niður frá kirkjunni, þar sem enn sést þúst og bleyta á túninu. Guðmundur góði Arason biskup á Hólum (1203-1237) var sagður hafa vígt brunninn.<sup>68</sup> Vígt vatn var talið hollara en óvígt fyrir sál og líkama.



Kirkja og bær í vetrarskrúða. Langa húsið lengst til hægri er baðstofan. Birkitré í kirkjugarðinum voru gróðursett á seinni hluta 20. aldar.

**Messuklökk** heitir lítil klökk á leitinu milli Glaumbæjar og Halldórsstaða. Hún er smáklettur, um það bil eins metra há móti austri, en slétt er af henni til vesturs. Munnmæli segja að hringjari Glaumbæjarkirkju hafi venjulega hafið hringingu sína þegar messufólk framan af Langholti sást koma á Messuklökk, og af því dragi hún nafnið. Gamall siður var að fólk gerði bæn sína

---

<sup>67</sup> HSk. Margeir Jónsson, Örnefnaskrá. Bls. 2. Séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ.

<sup>68</sup> Séra Gunnar Gíslason í Glaumbæ.

þegar það sá fyrst kirkjuna.<sup>69</sup> Út og niður frá Messuklökkur var *Haginn* og í honum sunnarlega, þar sem heitir *Glettingar*, var pyttur sá sem Jón sonur Grímúlfs prests á að hafa farist í.

**Meðalheimur** var hjáleigubýli frá Glaumbæ og í ábúð af og til fyrir á öldum. Meðalheimur er vestur í Langholtsásnum í 80-90 m hæð yfir sjó. Bæjarhóllinn er nærri syðst í landi Hátúns og búið að rækta tún þar fyrir ofan, en hóllinn sjálfur var látinn ósnertur enda var hann kargabýfður. Mikill og hár öskuhaugur var vestan við bæinn. Góð uppspretta er um 200 metra vegalengd út og upp frá bæjarhólnum þar sem nú er tekið neysluvatn til allra bæja Glaumbæjartorfunnar og Marbælis. Meðalheimur var byggður í tíð séra Gottskálks Jónssonar, sem var prestur í Glaumbæ 1524-1590, með 3 kúgildum. Landskuldin var þriggja daga sláttur, kýreldi og 60 álnir.<sup>70</sup> Meðalheimur fór í eyði 1701<sup>71</sup>, en séra Eggert Eiríksson prestur í Glaumbær 1784-1813 byggði Meðalheim upp aftur, ásamt fleiri hjáleigum, í prestsskapartíð sinni og fékk verðlaun frá kóngi fyrir.<sup>72</sup> Ekki er vitað hve lengi það var í byggð þá, en um 1840 höfðu Glaumbæjarprestar stekkin sinn þar og síðar á öldinni, í tíð séra Hannesar Jónssonar, voru þar beitarhús. Sögn er um að leiguliðar séra Eggerts í Meðalheimi hafi veitt silung úr *Meðalheimsvatni* og dáði af silungsátinu.<sup>73</sup>

Sumarið 2007 grófu bandarískir fornleifafræðingar í hóllinn og komu niður á beitarhúsin frá 19. öld. Undir þeim voru greinilegar byggingaleifar og um 50 m. sunnan við bæjarhóllinn, á kafi í jörðu, fundu þeir einhvers konar jarðhús frá því fyrir Heklugos 1104.

---

<sup>69</sup> HSK. Margeir Jónsson, Örnefnaskrá. Bls. 3.

<sup>70</sup> DI. *Íslenskt fornbréfasafn* XII. Bls. 195.

<sup>71</sup> *Jarðabók*, níunda bindi, 1930. Bls. 99.

<sup>72</sup> *Byggðasaga II*, 2001. Bls. 268.

<sup>73</sup> Gunnlaugur Jónsson, Hátúni.



## Heimildaskrá

- Anna S. Snorradóttir, *Mark Watson og Glaumbær*. Smárit Byggðasafns Skagfirðinga VI. Akureyri 2006.
- Ágúst Sigurðsson, *Forn frægðarsetur II*. Reykjavík 1979.
- Ásgeir Jónsson frá Gottorp, *Horfnir góðbestar*. Reykjavík 1946.
- Benjamín Sigvaldason, *Sagnabættir I*, Reykjavík 1950.
- Björn Þorsteinsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Enska öldin með viðaukum eftir Sigurð Lindal (3-216). *Saga Íslands V*. Reykjavík 1990.
- Byggðasaga Skagafjarðar II* Staðarhreppur-Seyluhreppur, Ritstjóri Hjalti Pálsson. Sauðárkrók 2001.
- DI. *Íslensket fornbréfasafn* III, 1269-1415, Kaupmannahöfn 1896; X (1538-1542), Reykjavík 1914; XI (1549-1550), Reykjavík 1918.
- Gísli Konráðsson, „Frá séra Eggerti í Glaumbæ“. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. Sögurit XVII. Sögufélag gaf út, IV. Reykjavík 1928-1931.
- Hallgerður Gísladóttir, *Eldamennska í íslenskum torfbæjum*, Smárit Byggðasafns Skagfirðinga V, 2. útg. Sauðárkrókur 2007.
- Hannes Pétursson. Gleymd kona og geldsauðir tveir (Bl. 30-31). *Misskipt er manna láni I*. Reykjavík 1982.
- Heima er best*, 41. árg. Reykjavík 1991.
- HSk. Margeir Jónsson, Glaumbær, Skagafjarðarsýsla, Seyluhreppur, *Örnefnaskrá*.
- „Sagnir um hvarf séra Odds á Miklabæ I-III“. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. Sögurit XVII. Sögufélag gaf út, IV. Reykjavík 1928-1931.
- H.Þ. *Blanda. Fróðleikur gamall og nýr*. Sögurit XVII. Sögufélag gaf út, III. Reykjavík 1924-1927.
- Indriði Einarsson, *Séð og lifað. Endurminningar*. Reykjavík 1936.
- Íslendinga sögur I, Landssaga og landnám*. Reykjavík 1946.
- Íslendinga sögur og þættir I, Eiríks saga rauða, Grænlandinga saga*; Útg. Svart á hvítu. Reykjavík 1987; *Íslendinga sögur og þættir II, Grettis saga*. Útg. Svart á hvítu. Reykjavík 1987.
- Íslenskar þjóðsögur II*. Ólafur Davíðsson bjó til prentunar. Reykjavík 1955.
- Íslenskar þjóðsögur og avintýri I*, Reykjavík 1980.
- Jarðabók*. Nr. 336. Reykjavík 1849.
- Jarðabók Arna Magnússonar og Páls Vídalíns*, 9. bindi. Kaupmannahöfn 1930.
- Jón Espólín, Einar Bjarnason, *Saga frá Skagfirðingum 1685-1847*, Fyrsta bindi. Reykjavík 1976; Þriðja bindi. Reykjavík 1978; Fjórða bindi. Reykjavík 1979.

- Jón Sigurðsson, *Ættir og ódal. Frásagnir Jóns Sigurðssonar á Reynistað*. Akureyri 1988.
- Margeir Jónsson, *Frá miðöldum í Skagafirði*. Skagfirzki fræði III. Reykjavík 1941.
- Saga Mera-Eiríks Magnússonar (Mera-Eiríks)*. Útg. Símon Bjarnason Dalaskáld. Prentsm. Suðurlands 1912.
- Sendibréf frá íslenskum konum 1784-1900*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Reykjavík 1952.
- Stígandi 50 ára. Frá Vallabökkum til Vindheimamela*. Ritstjóri Sigríður Sigurðardóttir. Reykjavík 1995.
- Sturlunga saga* I og II, Reykjavík 1946.
- Sýslu og sóknarlýsingar, Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, II Skagafljóðarsýsla*, Akureyri 1954.
- Sölvi Sveinsson, „Af Solveigu og séra Oddi“ *Skagfirðingabók 15*. Reykjavík 1968.
- Þórir Bergsson, *Endurminningar*. Akureyri 1984.
- Öldin fimmtánda. Minnisverð tíðindi 1401-1500*, Reykjavík 2003.

### **Munnlegar heimildir:**

- Gunnar Gíslason (1914-2008), sóknarprestur í Glaumbæ frá 1943-1982.
- Gunnlaugur Jónasson, bóndi í Hátúni (1917-2009) þar fæddur og uppalinn.